



Reykjavík, 17. apríl 2020
Fundargerð 195. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 17. apríl var haldinn 195. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson.

Ásgeir Þór Ásgeirsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Páll Björgvin Guðmundsson frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Pétur Krogh Ólafsson, Reykjavíkurborg og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins sátu einnig fundinn.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Framvinda brunavarnaáætlunar

Dagskrárliður skv. starfsáætlun stjórnar. Óskað eftir frestun.

Afgreiðsla: Frestað.

2. Umhverfisskýrsla 2019

Dagskrárliður skv. starfsáætlun stjórnar. Óskað eftir frestun.

Afgreiðsla: Frestað.

3. Staðan vegna Covid-19

Farið yfir stöðu verkefna hjá SHS, sveitarfélögum og almannavörnum vegna Covid-19.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Aflétting takmarkana frá og með 4. maí

Farið yfir verkefni framundan vegna afléttingar takmarkana frá og með 4. maí í samræmi við tillögur sóttvarnalæknis og auglýsingu heilbrigðisráðherra þar að lútandi.

[Handwritten signatures and initials]

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna Covid-19 eftir 4. maí 2020, dags. 11. apríl 2020.
- Viðbót við minnisblað varðandi afléttingu takmarkana vegna Covid-19 eftir 4. maí 2020, dags. 13. apríl 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Endurreisnin

Farið yfir vinnu við tillögur að mögulegum verkefnum og skipulagi vegna endurreisnar í starfsemi sveitarfélaganna í kjölfar Covid-19.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gátlistar fyrir endurreisn, fyrstu drög, dags. 16. apríl 2020.

Afgreiðsla: Kynning. Verður til umfjöllunar hjá stjórn og samstarfshópum sveitarfélagana fyrir næsta fund.

6. Endurskoðun viðbragðsáætlunar vegna eldgoss á Reykjanesi

Vinna við endurskoðun viðbragðsáætlunar vegna eldgoss á Reykjanesi m.t.t. takmarkana vegna Covid-19 kynnt.

Afgreiðsla: Kynning.


7. Önnur mál

Fundi slitið klukkan 09:00.

Næsti fundur verður föstudaginn 24. apríl 2020.

Fylgiskjöl:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna Covid-19 eftir 4. maí 2020, dags. 11. apríl 2020.
- Viðbót við minnisblað varðandi afléttingu takmarkana vegna Covid-19 eftir 4. maí 2020, dags. 13. apríl 2020.
- Gátlistar fyrir endurreisn, fyrstu drög, dags. 16. apríl 2020.




Dagur B. Eggertsson




Gunnar Einarsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Rósa Guðbjartsdóttir



Haraldur Sverrisson



Armann Kr. Ólafsson